

## Vandræði Landsnets.

Aðstoðarforstjóri Landsnets hefur látið hafa eftir sér í Fréttablaðinu 2. des. sl. , að fyrirtækið hafi ekki getað farið í nauðsynlegar framkvæmdir vegna þess að það eru deilur um öll stærri verkefni, sem eiga að efla flutningakerfið hér á landi. Þessi verkefni hafa því tafist og það má áætla að kostnaður þjófurbúsins vegna þess muni nema að meðaltali um sex milljörðum króna á ári næstu árin, ef ekkert verður að gert.

Þetta eru nú ljótu vandræðin.

Landsnet getur hins vegar sjálfu sér um kennt þessi vandræði og kostnað vegna þeirra, sem fyrirtækið ber því að sjálfsögðu fulla ábyrgð á. Landsnet viðhefur tímafrekar þvingunaraðgerðir gagnvart náttúru landsins, landeigendum og fólkinu í landinu með loftlínustefnu sinni. Af því stafa vandræðin. Væru jarðstrengir notaðir, sem almenn sátt er um og eru líklega ódýrari væri allt með talið og rétt reiknað, má leiða rök að því að það væru engin vandræði, engar tafir og nýta mætti hinn sparaða kostnað til þarfra hluta.

En samt á að reyna að leiða vitleysuna í lög og halda henni áfram með framlagðri tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003.

Það er eins og kellingin sagði: Ekki er öll vitleysan eins.